

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 7. desember 2018.

Mál nr. 404/2018:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Víðir Smári Petersen lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfsson réttargæslumaður)

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður brotþola)

Lykilorð

Líkamsárás. Neyðarvörn. Refsiákvörðun. Skaðabætur. Skilorð. Sératkvæði.

Útdráttur

X var sakfelld fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. b og 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa veist að eiginmanni sínum, A, og B með nánar tilgreindum afleiðingum. Í dómi Landsréttar var lagt til grundvallar að X hefði unnið líkamsárásir þær sem henni væru gefnar að sök í átökum við A og B en ekki var fallist á að viðbrögð hennar hefðu helgast af neyðarvörn samkvæmt 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar X var meðal annars litið til þess að árás X hefði beinst gegn eiginmanni hennar sem þyrfti að glíma við afleiðingar árásarinnar um ókomna tíð. Með hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. c og 1., 2., 3. og 6. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. auk 77. gr. almennra hegningarlaga var refsing X ákveðin fangelsi í 18 mánuði en fullnustu 15 mánaða refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Þá var X gert að greiða A og B miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir, Oddný Mjöll Arnardóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 9. apríl 2018 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. mars 2018 í málinu nr. S-[...]/2018.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærðu verði staðfest en refsing þyngd. Auk þess er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða allan sakarkostnað málsins á báðum dómstigum.
- 3 Ákærða krefst aðallega sýknu en til vara vægari refsingar. Þá krefst hún þess að bótakröfum brotþola verði vísað frá dómi, til vara sýknu af þeim en að því frágengnu

að þær verði lækkaðar. Loks krefst hún málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda sínum og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

- 4 Brotapoli, A, krefst þess aðallega að ákærða verði dæmd til að greiða honum 4.000.000 króna í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 1. nóvember 2017 til 14. desember 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess að ákærðu verði gert að greiða honum 140.956 krónur vegna sjúkrakostnaðar og 52.589 krónur í þjáningarbætur. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms um bætur sér til handa.
- 5 Brotapoli, B, krefst þess aðallega að ákærða verði dæmd til að greiða henni 10.500 krónur vegna sjúkrakostnaðar og 1.000.000 króna í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2017 til þess dags er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hún staðfestingar hins áfrýjaða dóms um bætur sér til handa. Auk framangreinds krefst hún málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 6 Ákærðu eru gefin að sök stórfellt ofbeldisbrot í nánu sambandi og líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 1. nóvember 2017, í íbúð í miðborginni, veist með ofbeldi að eiginmanni sínum, A, klórað hann í andlit, slegið hann og bitið í tungu hans þannig að hún fór í sundur og ítrekað veist með ofbeldi að B, eins og nánar er rakið í ákæru. Í héraði var ákærða sakfelld samkvæmt ákæru að því undanskildu að ekki var talið sannað að B hefði hlotið rifbrot af líkamsárásinni. Var brot ákærðu gegn A talið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en gegn B við 1. mgr. 217. gr. sömu laga.
- 7 Málsatvikum og framburði ákærðu, brotapolanna A og B og annarra vitna í héraði er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti komu ákærða og brotapolar fyrir dóminn til viðbótarskýrslugjafar. Þá gaf C skýrslu fyrir Landsrétti, en vitnið kom ekki fyrir héraðsdóm.
- 8 Nokkuð ber á milli ákærðu og brotapola um atvik í umrætt sinn, einkum um aðdraganda þess að til átaka kom og hlut hvers um sig í þeim. Þannig lýsti ákærða því fyrir héraðsdómi að komið hefði til orðaskipta á milli þeirra A og hefði hún ætlað að yfirgefa íbúðina með C. Við það hefði A reiðst mjög og ýtt C svo að hann féll niður stigatröppur úr íbúðinni. A hefði farið á eftir C niður stigann en ákærða kvaðst hafa gengið á milli þeirra. Eftir að C komst út hefði A veist að henni með hnefahöggum og borið hana nauðuga upp í íbúðina. Hún hefði reynt að komast út en A varnað henni för. Hefðu A og B síðan veist að henni með ofbeldi. Í héraðsdómi er rakinn framburður ákærðu, þótt óljós sé, um það hvernig A hlaut tunguáverkann. Við skýrslutöku fyrir Landsrétti staðfesti hún þá lýsingu og kannaðist jafnframt við að hafa mögulega valdið

A og B öðrum áverkum sem hún var sakfelld fyrir. Hún kvaðst hins vegar aðeins hafa verið að verja hendur sínar gagnvart þeim.

- 9 Fram kom hjá brotaþolunum A og B fyrir héraðsdómi að A hefði beðið C að yfirgefa íbúðina, sem hann hefði gert án þess að til átaka kæmi. Við skýrslutöku fyrir Landsrétti hafnaði A því alfarið að hafa ýtt C niður tröppurnar og kvaðst ekki hafa farið á eftir honum fram á stigaganginn. B bar á sama veg um atvik að þessu leyti og kvað samskipti við C hafa verið kurteisleg. Þá lýstu þau því að ákærða hefði veist að þeim í bræði eftir að C var farinn en að þau hefðu reynt að verjast árás hennar. Við skýrslutökuna kom fram hjá vitnunum að þau hefðu tekið upp samband eftir þennan atburð og væru í sambúð.
- 10 Vitnið C lýsti því að A og ákærða hefðu boðið þeim B með sér heim eftir að þau hefðu verið að skemmta sér saman. Skömmu eftir að í íbúðina kom hefðu A og B farið að kyssast. Ákærða hefði þá kysst C en við það hefði A reiðst mjög og þau ákærða farið að rífast. Hann hefði þá ákveðið að yfirgefa íbúðina og ákærða haft á orði að fara með honum. Hann hefði farið fram á stigagang en A elt hann og hrint honum niður tröppurnar svo að hann féll niður á stigapall þar fyrir neðan. A hefði hrópað að honum og sakað hann um að ætla að hafa kynferðismök við ákærðu en auk þess hefði B hrópað eitthvað að ákærðu. A hefði hlaupið á eftir honum niður á stigapallinn en ákærða fylgt á eftir og varnað því að til frekari átaka kæmi. C kvaðst hafa komið sér út úr húsinu og hefðu ákærða og A verið að hrópa hvort að öðru þegar hann fór. Hann kvaðst hafa hlotið nokkra áverka við að falla niður tröppurnar, meðal annars rifbrot. Vitnið, sem kom hingað til lands sem ferðamaður, sneri til síns heima daginn eftir atvikið. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um komu hans á læknastofu í [...] 2. nóvember 2017 og skoðun þar vegna áverka sem hann kvaðst hafa hlotið í umrætt sinn.

Niðurstaða

- 11 Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi verður framburður ákærðu ekki skilinn á annan veg en að hún viðurkenni að hafa bitið í tungu A svo að hún fór í sundur. Við skýrslutöku fyrir Landsrétti kannaðist hún jafnframt við að hafa mögulega valdið A og B öðrum áverkum sem lýst er í ákæru. Sem fyrr greinir hefur ákærða borið að hún hafi verið að verja hendur sínar gagnvart brotaþolum og hafi það eitt vakað fyrir henni að komast út úr íbúðinni. Frásögn ákærðu fær nokkurn stuðning í framburði vitnisins C af aðdraganda atviksins auk þess sem fyrir liggur að hún hlaut allnokkra áverka í umrætt sinn. Þá verður frásögn brotaþola virt með hliðsjón af nánnum tengslum þeirra. Verður því lagt til grundvallar að ákærða hafi unnið líkamsárásir þær sem henni eru gefnar að sök í átökum við brotaþolana A og B. Ekki er þó unnt að fallast á að viðbrögð hennar hafi helgast af neyðarvörn samkvæmt 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- 12 Samkvæmt framangreindu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, er staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærðu og heimfærslu brota hennar til refsíákvæða.
- 13 Ákærða er í máli þessu sakfelld fyrir tvær líkamsárásir, aðra stórfellda sem jafnframt beindist gegn eiginmanni hennar. Sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum sem skoðaði A eftir atvikið lýsti því að mikið afl þyrfti til að bíta tungu í sundur, enda væri hún kröftugur vöðvi. Í vitnisburði sínum fyrir Landsrétti lýsti A afleiðingum áverkans, en við þær mun hann búa um ókomna tíð. Samkvæmt því sem rakið hefur verið um atlögu ákærðu verður ekki talið að atvik hafi verið með þeim hætti sem lýst er í 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga eða 1. eða 4. tölulið 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Hins vegar verður við ákvörðun refsingar ákærðu litið til 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga en einnig til 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr., auk 77. gr. sömu laga. Að framangreindu virtu er refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði, sem verður að hluta skilorðsbundin eins og í dómsorði greinir.
- 14 Brotapolar hafa krafist endurskoðunar á dæmdum einkaréttarkröfum til hækkunar. Með brotum sínum hefur ákærða bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart brotapolum á grundvelli hinnar almennu sakarreglu og a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákærða hefur valdið A miklu miskatjóni og býr hann við varanlegar afleiðingar líkamsárásar hennar. Eru miskabætur til hans hæfilega ákveðnar 1.800.000 krónur. Með vísan til 1. mgr. 173. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, er staðfest niðurstaða héraðsdóms um að hafna kröfu A um þjáningarbætur og bætur vegna útlagðs kostnaðar. Skaðabætur til B eru hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi en ákærða verður auk þess dæmd til að greiða henni málskostnað fyrir Landsrétti, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá beri einkaréttarkröfur vexti eins og í dómsorði greinir.
- 15 Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.
- 16 Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns og þóknun réttargæslumanna A, sem ákveðin eru með virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 18 mánuði en fresta skal fullnustu 15 mánaða af fangelsisrefsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði A 1.800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2017 til 14. desember sama ár en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er ákvæði hins áfrýjaða dóms um einkaréttarkröfu B. Ákærða greiði B 300.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 5.842.952 krónur, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Víðis Smára Petersen lögmanns, 906.440 krónur og þóknun réttargæslumanna brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 316.200 krónur, og Guðmundar Ágústssonar lögmanns, 168.640 krónur.

Sératkvæði Hervarar Þorvaldsdóttur

- 1 Ég er samþykkt niðurstöðu meirihluta dómenda að öðru leyti en því að ég tel að ekki skuli binda refsingu ákærðu skilorði. Er þá einkum litið til hinna alvarlegu afleiðinga sem brot hennar hafði í för með sér.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 13. mars 2018

Mál þetta, sem dómtekið var 19. febrúar sl., er höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 9. janúar 2018 á hendur X, fd. [...], óstaðsettri í hús, fyrir stórfellt ofbeldisbrot í nánu sambandi og líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 1. nóvember 2017 í íbúð að [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að eiginmanni sínum A, fd. [...], klórað thann í andlit, slegið hann og bitið í tungu hans þannig að hún fór í sundur, og ítrekað veist með ofbeldi að B, kt. [...], sem var þar gestkomandi, tekið í hár hennar og haldið í það meðan hún hristi og ýtti henni til og frá, rífið í hár hennar, ýtt henni, slegið hana, haldið henni niðri, klórað í andlit hennar og bitið og klórað í fingur hennar. Allt var þetta með þeim afleiðingum að A hlaut klórför í andlit og 2x3x1,5 sm biti fór framán af tungu hans, sem hefur styst verulega og hefur það m.a. haft áhrif á tal og tungan nær ekki lengur út fyrir tanngarð hans, og dofa í fremsta hluta tungunnar. Þá hlaut B yfirborðsáverka í andliti vinstra megin og á hálsi og höfuðleðri, laus hár á höfði, mar og yfirborðsáverka á vinstri framhandlegg og upphandlegg, sár á fingur vinstri handar, á vísifingur og löngutöng, og mar og brotnar neglur á hægri hendi, mar og yfirborðsáverka á báðum hnjám og rifbrot.

(Mál nr. 007-2017-[...])

Brot þessi eru talin varða við 1. mgr. 218. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 4. gr. laga nr. 23/2016.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá krefst A, þess að ákærða verði dæmd til greiðslu miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2017 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að ákærðu verði gert að greiða brotaþola útlagðan sjúkrakostnað en upplýsingar um fjárhæð kröfunnar verða lagðar fyrir dóm við þingfestingu málsins. Þá er jafnframt gerð krafa um að ákærðu verði gert að greiða brotaþola bætur vegna tímabundins atvinnuþjóns og þjáningabætur en upplýsingar um fjárhæð kröfunnar verða lagðar fyrir dóm við þingfestingu málsins. Einnig er gerð krafa um að ákærðu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Þá krefst B þess að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta, sbr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna sjúkra- og lyfjakostnaðar, samtals að fjárhæð 10.500 krónur. Þá er gerð krafa um að ákærðu verði gert að greiða brotþola miskabætur, skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð 1.000.000 króna, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. nóvember 2017 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er gerð krafa um að ákærðu verði gert að greiða málskostnað.

Ákærða neitar sök. Ákærða krefst sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hún þess að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, ellegar að bætur verði lækkaðar. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglu, frá aðfaranótt miðvikudagsins 1. nóvember 2017, fékk lögregla, kl. 03.21, tilkynningu um líkamsárás að [...] í Reykjavík. Í frumskýrslu kemur fram að er lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi mátt heyra að mikil læti af efstu hæð hússins, en hljóð hafi borist út á götuna. Það hafi virst eins og átök væru í gangi og að hlutir væru að brotna. Enginn hafi komið til dyra og hafi lögreglumenn orðið að fara inn um glugga að sameign hússins. Er lögreglumenn hafi komið upp á efsta stigapall hafi þeir séð B, annan brotþola í máli þessu, og mann, A, hinn brotþolann í málinu, koma út úr íbúð á [...]. Hafi brotþolinn A verið blóðugur í kringum munn. Þá hafi brotþolinn B verið með áverka í andliti, á hendi og mar á hægri hné. Ákærða hafi verið inni í íbúðinni.

Í frumskýrslu kemur fram að greinilegt hafi verið að mikið hefði gengið á. Hafi húsmunum verið hent til og glös og bollar og annað brothætt legið í molum á gólfi. Rætt hafi verið við brotþolann A sem hafi lýst því að ákærða, eiginkona hans, hefði bitið framan af tungu hans. Fram kemur að brotþoli hafi sýnt lögreglu bitið, en hann hafi haldið á tungubita. Hafi sjúkraflutningamenn komið að og hlúð að honum og hann því næst verið fluttur á slysadeild.

Brotþolinn B hafi lýst því að hún, ásamt brotþolanum A, ákærðu og Bandríkjamanni að nafni C, hafi verið að skemmta sér í bænum. A og ákærða hafi síðan boðið þeim að koma heim til þeirra að [...]. Þau hafi þegið boðið og haldið áfram að drekka áfengi. Á einhverjum tímapunkti hafi ákærða og C kysst hvort annað og A þá kysst B. Í kjölfarið hafi hafist mikið rifrildi á milli ákærðu og A. Hafi umræddum C verið hent út úr íbúðinni en B orðið eftir í íbúðinni. Ákærða hafi þá ráðist á hana, rifrið í hár hennar og bitið í fingur hennar. Hún væri ekki viss um hvernig ákærða hefði bitið framan af tungu A en hann hafi verið að reyna að ná ákærðu ofan af B. Fram kemur að B hafi verið undir miklum áhrifum áfengis. Þá greini hún frá því að A hafi boðið upp á vodkaskot sem hafi átt að innihalda „kókaín“.

Í skýrslunni kemur fram að er lögreglumenn hafi komið inn í íbúðina hafi ákærða setið í stiga sem legið hafi upp á [...]. Hún hafi verið verulega ölvuð, grátandi og í miklu uppnámi. Hafi hún greint lögreglu frá því að hún, ásamt A og B hafi verið að skemmta sér á veitingastaðnum [...], en B væri sameiginleg vinkona þeirra. Þau hafi farið í íbúðina á [...] þar sem ákærða hafi séð A kyssa B og hafi ákærða reiðst við. Að öðru leyti hafi hún ekki viljað tjá sig um atvik. Fram kemur að ákærða hafi verið handtekin grunuð um líkamsárás. Eftir að ákærðu hafi verið tilkynnt um það hefði hún sagt að lögregla væri að handtaka rangan aðila. Ákærða væri þolandi í sambandinu. Í sambandi þeirra hafi A veist að henni í þrígang en ákærða aldrei tilkynnt það. Þá hafi A, í fjóra mánuði, haldið fram hjá henni með B. Í kjölfar þessa var ákærða flutt á lögreglustöð og látin blása í áfengismæli, sem sýnt hafi 1,60 o/oo.

Samkvæmt gögnum málsins ræddi rannsóknarlögreglumaður við brotþolann A á slysadeild þessa nótt. Fram kemur að lækni hafi reynt að sauma tungubroddinn á brotþola. Læknirinn hafi hins vegar ekki verið vongóður um að það tækist. Brotþoli fór í framhaldi með rannsóknarlögreglumanni á lögreglustöð þar sem tekin var af honum skýrsla. Á meðal rannsóknargagna málsins eru ljósmyndir teknar af vettvangi á [...]. Þá voru teknar myndir á slysadeild af þeim áverkum er brotþolinn A hlaut þessa nótt.

Samkvæmt vottorði sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum Landspítala háskólasjúkrahúss, frá 1. nóvember 2017, kom brotþoli á deildina eftir að hafa orðið fyrir tunguáverka. Hafi brotþoli komið með fremsta bút tungu með sér, sem hafi verið 2,5 til 3 cm í þvermál og þvert yfir tungu. Fram kemur að um 1,5 klst sé liðin frá atvikinu og sé búturinn settur ís. Ákveðið sé að reyna að sauma, þrátt fyrir að ekki sé gefið að búturinn muni lifa. Hafi búturinn verið saumaður á með 30 sporum. Sami sérfræðingur hefur ritað fullnaðarvottorð, 4. desember 2017, vegna brotþola. Í vottorðinu kemur fram að fylgst hafi verið með tungubitanum í nokkur skipti eftir að hann hafi verið saumaður á. Búturinn hefði fljótt orðið dökkur og ljóst að hann hefði ekki lifað og hann því verið fjarlægður og tungan látin gróa. Brotþola hafi til að byrja með gengið illa að nærast og hafi hann lést talsvert fyrstu 2 vikurnar. Hafi andleg vanlíðan einnig haft þar áhrif. Brotþoli hafi hitt talmeinafræðing á Landspítala sem gefið hafi honum æfingar til að æfa tungubroddinn. Ákveðin hljóð hafi reynst brotþola erfið. Þá hafi hann hitt áfallasálfræðing. Síðasta endurkoma hafi verið 29. nóvember 2017 en þá hafi brotþola gengið nokkuð vel með að kyngja og getað farið að borða eðlilegan mat. Hann hafi átt erfitt með að segja L hljóð, hafi verið dofinn í fremsta hluta tungu, en verkjalaus. Tungan muni aldrei ná sér að fullu. Hún sé verulega stytt og nái brotþoli ekkert að rétta hana út. Það hefði áhrif á tal. Með vottorðinu eru ljósmyndir teknar af tunguáverkanum.

Sérfræðilæknir á slysa- og bráðadeild Landspítala hefur, 22. desember 2017, ritað læknisvottorð vegna brotþolans B vegna komu hennar á slysadeild, 1. nóvember 2017. Í vottorðinu kemur m.a. fram að brotþoli hafi verið aum í öllum hársverði við þreifingu, auk þess sem hún hafi verið með nokkurt hárlós. Hún hafi verið með þrjú yfirborðssár á vinstri kinn, það lengsta 5-6 cm að lengd. Aftan til á hálsi megi sjá yfirborðssár yfir efri hluta háls sem mælst hafi 3,5 cm. Á útlimum megi sjá marblett, um 1 x 4 cm, við annan hnúa á hægri hendi. Hafi marbletturinn verið bláfjólublár á lit og útlit ferskt. Á vinstri framhandlegg hafi verið tvö yfirborðssár, hvort um sig 3 cm að lengd. Á vinstri upphandlegg hafi verið hörð bólga sem best hafi samrýmst blæðingu undir húð. Á hægri hné hafi verið marblettur og yfirborðssár um 3 x 3 cm að þvermáli. Á vinstri vísifingri hafi verið yfirborðssár við mót naglar og húðar, um 8 mm að lengd, og brotnar neglur á hægri hendi fingurs III og IV. Fram kemur að brotþoli hafi leitað eftirlits þremur dögum síðar. Þá hafi komið fram að brotþoli hafi kvartað undan verkjum í vinstri síðu, hálsi og um höfuðverk. Verkur í vinstri síðu hafi verið tengdur öndun. Hafi hún verið send í röntgenmynd sem hafi verið eðlileg. Álit læknis hafi samt verið það að brotþoli hafi verið með öll merki rifbrots. Hvað varði greiningu um rifbrot þá væri oftast byggt á líkamsskoðun og álit læknis þar sem venjubundin röntgenmynd af brjóstakassa sýndi ekki nema hluta þeirra. Með vottorði læknisins fylgdu ljósmyndir teknar á slysadeild.

Yfirlæknir myndgreiningardeildar Landspítala hefur 8. janúar 2018 ritað vottorð vegna brotþolans B. Fram kemur að brotþoli hafi verið verkjuð við þreifingu á brjóstakassa vinstra megin. Verkir í hálsi og höfði hafi stafað af áverka eftir hártog og högg. Tekin hafi verið lungnamynd, sem ekki hafi sýnt tilfært rifbrot. Hafi það samt verið mat að um væri að ræða klínískt rifbrot á rífi átta og níu vinstra megin.

Sálfræðingur hefur 9. febrúar 2018 ritað vottorð vegna brotþolans B. Hafi brotþoli uppfyllt greiningarskilmerki fyrir bráðastreituröskun samkvæmt greiningarskilmerkjum DSM-V. Ekki hafi verið gerð greining á áfallastreituröskun.

Sérfræðilæknir hefur 22. desember 2017 ritað læknisvottorð vegna komu ákærðu á slysadeild, 3. nóvember 2017. Fram kemur að ákærða væri með bankeymsli yfir efstu hryggjarliðum brjóstakassa og eymsli yfir rifbeini neðst hægra megin þegar þreifað var eða þrýst á síðustu fjögur rif. Þá eymsli yfir rifbeinum rétt vinstra megin við neðri hluta brjóstbeins. Nokkur eymsli við þreifingu á hálsi framantil vinstra megin þar sem bringubeins- rifjarvöðvi kemur niður að viðbeini. Smá hrúfl og marblettir hafi verið á upphandleggjum beggja vegna. Þá hafi verið marblettur á hægri sköflungi, ca þrír cm á lengd. Loks hafi verið tvö klórför á kviði ofantil, um þrír cm að lengd. Ákærða leitaði til heilsugæslulæknis sem, 23. janúar 2018, ritaði vottorð vegna ákærðu. Fram kemur að tölvusneiðmynd af kviði hafi sýnt

ótilfært rifbrot á 11. rífi hægra megin. Að öðru leyti var um sömu áverka að ræða og í vottorði sérfræðilæknis. Fram kemur að ákærða hafi við skoðun 23. janúar 2018 jafnað sig á rifbroti. Eftir standi áverkar í kringum brjóstþrygg og út í hægri öxl sem og verkir í kvið og mjöðm. Ákærða muni þurfa á sjúkrahjálfun að halda til að ná sér að fullu af þeim meiðslum. Þá sé ótalinn sálrænn skaði sem af árásinni hafi hlotist.

Ákærða hefur skýrt svo frá að hún ásamt eiginmanni sínum, brotapolanum A, brotapolanum B og [...]manni að nafni C, hafi farið út að skemmta sér aðfaranótt föstudagsins 1. nóvember 2017. Þau hafi öll drukkið kampavín, léttvín og vodka og síðan farið heim til ákærðu og A, á [...] í Reykjavík. Á einhverjum tímapunkti þetta kvöld á [...] hafi brotapolarnir A og B kysst hvort annað. Ákærða hafi þá kysst nefndan C. Ákærða og A hafi verið í svokölluðu „opnu sambandi“. A hafi brugðist reiður við þegar ákærða hafi kysst C. Þau hafi þá verið í setustofu í íbúðinni. Ákærða hafi þá áttað sig á því að A hafi ekki verið sáttur. Hún hafi virt það og hætt að kyssa C. Einhverju síðar hafi hún verið inni í eldhúsi og séð B og A kyssast í stofunni. Hafi henni fundist þetta hræsni af hálfu A þar sem hann hefði brugðist reiður við þegar hún hefði kysst C. Hafi hún hrópað: „Hvað ertu að gera?“ Henni hafi legið hátt rómur en tónlist hafi verið í gangi. Brotapolarnir hafi hætt að kyssast. Hafi C ætlað að yfirgefa íbúðina þar sem A hafi verið orðinn reiður og ekki hlustað á nein rök og hafi hún ætlað að fara á sama tíma en við það hafi A reiðst enn meira. Hann hafi kallað ákærðu hóru, lausláta og sakað hana um að hún ætlaði að hafa samfarir við C. Hafi A reynt að koma í veg fyrir að hún færi og notað til þess líkamann. Þau hafi þá staðið fyrir utan íbúðina og A staðið á milli hennar og C. Hún hafi áfram leitast við að komast í burtu en A hafi ýtt C niður stiga að íbúðinni. Hún hafi óttast um C en A hafi elt C niður og ákærða farið á eftir. Hún hafi séð A standa yfir C sem legið hafi á gólfinu og óttast að A myndi ráðast aftur á hann en A sé mjög skapmikill. Hann hafi áður beitt ákærðu ofbeldi er hún hafi verið sofandi. Hún hafi aftur komið sér fyrir á milli A og C. A hafi öskrað á hana og á meðan hafi C tekist að standa á fætur og komast út. Hún hafi áfram reynt að komast út. Á þeim tíma hafi þau staðið á palli við tröppur upp að íbúðinni. A hafi síðan ýtt við ákærðu með höndunum á sama tíma og hann hafi kallað hana ýmsum illum nöfnum. Hún hafi séð andlit hans afmyndast af reiði og orðið skelfingu lostin. Augu A hafi verið uppglennt og hann byrjað að kýla hana. Hún hafi óttast um líf sitt og reynt að komast framhjá honum. A hafi kýlt hana fast í magann. Hve mörg höggin hafi verið viti hún ekki. Hún hafi misst andann og A borið hana aftur upp í íbúðina þar sem B hafi verið en B hafi ekki komið fram í stigaganginn á meðan á þessu hafi staðið. A hafi sett ákærðu í sófa. Hann hafi staðið yfir henni en ákærða hafi setið með höfuð sitt milli hnjáa sinna og grátið. B hafi setið í sófa við hlið hennar. Ákærða hafi verið óttaslegin og ekki skilið af hverju hún mætti ekki fara. Hún hafi viljað fara úr íbúðinni en A staðið yfir henni og niðurlægt hana. Hún hafi reynt að standa á fætur og fara en A hafi gripið um báða handleggji hennar og varnað henni för. Hann hafi verið nærri henni og öskrað en hún hafi grátið og viljað fara. Andlit A hafi verið nærri andlitu hennar og hún hafi orðið stjörf af ótta með andlit hans svo nærri sér. Þegar hann reyndi að kyssa hana hafi hún ekki viljað kyssa hann og verið í sjokki. Hún hafi ekki gert sér grein fyrir að tunga A væri í munni hennar.

Á þessari stundu hafi ákærða legið á gólfinu og bæði B og A haldið henni. B hafi notað líkama sinn til að halda ákærðu og sennilega skellt henni í gólfið. Tunga A hafi verið í munni hennar. Hafi hún hugsað um öryggi sitt og reynt að ýta B af sér. Þær hafi togað í hárið hvor á annarri. Margt hafi verið í gangi og ákærða gert allt til að ná B af sér. Eftir að það hafi tekist hafi hún farið að stiga upp á [...] og sest þar. Hún hafi verið í sjokki og ekki skilið hvað hefði gerst. Hafi hún fundið til og vitað að eitthvað hefði komið fyrir A og verið hrædd og ringluð. Þau A og B hafi reynt að segja eitthvað við hana og kastað hlutum í átt að henni. Ákærða hafi grátið og hallað sér að kómmóðu. Því næst hafi hún farið í oföndun. Stuttu síðar hafi lögregla komið á staðinn. Ákærða hafi grátið og sagt að hún væri brotþoli í málinu. Hafi hún sagt lögreglu að A hafi í þrjúgang ráðist á sig og lamið sig, að meðtöldu umræddu kvöldi. Hafi ákærða grátbeðið lögreglu um aðstoð og farið með lögreglu af vettvangi.

Ákærða kvaðst hafa verið drukkin þessa nótt. A og B hafi einnig verið töluvert drukkin. Þá hafi ákærða haft vitneskju um að þau hafi einnig notað fíkniefni. Vinátta A og B hafi byggst á fíkniefnaneyslu. Hún hafi séð þau reykja „jónu“ þetta kvöld. Þá hafi sveppir, sem skapað hafi vímu, verið á borðum. Þau hafi líklega borðað þá án þess að ákærða hafi séð það. Ákærða kvaðst ekki hafa veist að brotapolanum B eins og lýst væri í ákæru. Eins og áður greinir hafi brotapolinn B verið ofan á ákærðu eftir tungubitið. Hafi ákærða notað hendur við að ná henni ofan af sér. Ákærða kvaðst ekki hafa ætlað að bíta tunguna úr A. Hún hafi ekki fundið fyrir tungubroddinum uppi í sér eftir bitið. Allt hafi gerst hratt. Hún hafi lokað munninum hratt og séð tungubitann á gólfinu, en þá hafi B verið ofan á ákærðu. Ákærða kvað A hafa orðið árásargjarnari með árunum, en þau hafi verið saman í [...]. Í seinni tíð hafi ákærða orðið honum háð. Þau hafi flutt til Íslands. Við það hafi ákærða yfirgefið bakland sitt og starfsumhverfi. Hér á landi hafi A látið ákærðu fá peninga til að hafa fjármuni á milli handa. Ákærða lýsti því að A hafi einhverju sinni gefið sér fíkniefni án sinnar vitundar. Hafi hann sett efnið LSD út í te sem hann hafi gefið henni.

Brotapolinn A bar á þann veg að hann, ásamt ákærðu og brotapolanum B hefðu verið saman í íbúð brotþola á [...] í Reykjavík, aðfaranótt miðvikudagsins 1. nóvember 2017. Þau hafi fyrir þetta kvöld verið á tónleikum saman. Þau hafi farið saman heim og einnig hafi verið með í för [...]maður að nafni C. Ákærða hafi opnað kampavínsflösku og rauðvínsflösku eftir að heim var komið. Einhverju síðar hafi ákærða farið úr að ofan og C gert hið sama. A hafi beðið þau um að fara aftur í fötin og hafi þau orðið við því. Töluverðu síðar hafi ákærða beðið A um að kyssa brotapolann B og hafi hann orðið við því og kysst hana lítillaga. Í framhaldi hafi hann séð ákærðu kyssa C ástríðufullt. Kvaðst A hafa beðið C um að fara og hafi hann hleypt C út úr íbúðinni. Í framhaldi hafi ákærða orðið brjáluð. Hún hafi sakað A um að halda fram hjá sér með B. Það hafi ekki verið rétt. Ákærða hafi byrjað að slá A í andlit og líkama. Því næst hafi hún ráðist að B og þær endað í gólfinu þar sem hún hafi kýlt B. A hafi skilið þær að og spurt ákærðu af hverju hún hefði gert þetta. Hafi hann beðið hana um að róa sig. A hafi kysst ákærðu sem hafi brugðist þannig við að hún hafi bitið framan af tungu hans og spýtt tungunni út úr sér og á gólfið. A kvaðst hafa gripið tungubitann og farið með hann fram í eldhús. Mikið hafi blætt úr sárinu. Hann kvaðst í framhaldi hafa farið fram í stofu til að huga að B. B hafi verið í áfalli og sagt að ákærða hefði bitið í fingur sinn. B hafi síðan hringt í lögregluna. Þau hafi farið inn í eldhús, en þar hafi ákærða ráðist aftur að B. A hafi aftur gengið á milli. A hafi aldrei hindrað ákærðu í að komast út úr íbúðinni.

Lögreglan hafi komið og A síðan farið á slysadeild. Þar hafi verið reynt að sauma tungubroddinn á tunguna aftur. A hafi gefið skýrslu hjá lögreglu en síðan farið heim til sín. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi þetta kvöld og nótt og verið „léttur“ en ekki verið ölvaður. Hann myndi því atviki vel. Hann kvað samband sitt og ákærðu ekki vera „opið“ hvað sig varðaði. Hann kvaðst ekki hafa lent í neinum átökum við C þessa nótt. Hann hafi einfaldlega beðið hann um að fara, sem C hafi gert og hafi hann átt ágætis samskipti við hann. C hafi vitað að hann hefði gert eitthvað rangt þessa nótt.

Tungubitið hefði haft mikil áhrif á líf A. Hann talaði öðruvísi og andlegar afleiðingar hafi verið slæmar. Lífið hafi verið hrein martröð. Hann hafi verið frá vinnu í þrjár vikur vegna árásarinnar. Fyrst um sinn hafi hann einungis getað borðað eitthvað fljótandi. Í tvígang eftir árásina hafi hann farið til sálfræðings. A kvað vel geta verið að hann hafi boðið upp á „skot“ heima hjá sér þessa nótt en hann hafi ekki sett neitt kókaín út í drykki fólks þessa nótt. Þá kvað A rétt vera er ákærða héldi fram að hann hafi einhverju sinni sett LSD út í te hennar. Hann hafi sagt henni frá því áður en hún hafi drukkið af teinu.

Brotapolinn B kvaðst hafa kynnst brotapolanum A í gegnum [...]. Hafi B litið á þau, A og ákærðu, sem vini sína. Þau hafi oft hist þrjú saman. Ákærða hafi farið til síns heimalands í september 2017. Hafi B ekki hitt hana aftur fyrr en um miðjan október 2017. Hún hafi þá fundið að eitthvað var að. Þær hafi hist um viku fyrir þann atburð er mál þetta varðaði og rætt saman. Ákærða sagt hluti við B eins og að í sínu heimalandi réðust stúlkur á aðrar stúlkur í skólum. Ákærða hafi verið mjög pirruð

út í A. Þau hafi síðan ákveðið að hittast á skemmtistað aðfaranótt miðvikudagsin 1. nóvember 2017. Ákærða og A hafi látið B sitja á milli sín á skemmtistaðnum. Hafi B fundist það skrytið. Þau hafi dukkið áfengi. C, [...]maður, hafi komið á staðinn og tekið sér sæti við hlið ákærðu. Tónleikar hafi verið á skemmtistaðnum sem þau hafi hlustað á. B hafi mest rætt við A, en ákærða og C rætt meira saman. Á einhverjum tímapunkti hafi umræðuefnið snúist um „feminisma“ og þau nánast rifist. Um nóttina hafi ákærða og A boðið þeim B og C heim til sín á [...]. Á leiðinni hafi B og A gengið saman en ákærða gengið með C. Er á [...] kom hafi ákærða og A opnað flöskur með áfengi. Hafi þau öll fengið sér að drekka. Ákærða og C hafi setið saman í sófa í stofu íbúðarinnar. B og A hafi verið við eldhúsið og reykt „jónu“. Hafi þau látið ákærðu og C fá „jónuna“ því B hafi verið orðin verulega ölvuð. Myndi hún því lítið eftir atvikum. Hún myndi næst eftir því að ákærða hefði ýtt á A að kyssa B en B hafi bakkað út úr því. Næst hafi hún séð ákærðu og C vera í „sleik“ í sófa í stofunni. A hafi sagt nei og beðið C um að fara. C hafi sagt allt í lagi og farið. Hann hafi klætt sig í skó og hafi B opnað hurðina fyrir honum og hann farið út. A hafi ekki farið út á eftir C og engu líkamlegu valdi hefði verið beitt. Ákærða hafi og sagt A og B sofa saman. B hafi neitað því og orðið reið þar sem það hafi ekki verið rétt. Ákærða hafi lamið A í bringuna. Allt hafi orðið svart hjá B, en hún myndi næst eftir því að hún hafi legið á gólfi íbúðarinnar þar sem ákærða hafi haldið um hár hennar. Hafi B beðið A um að taka ákærðu af sér, sem hann hafi og gert. Hafi hann beðið ákærðu um að róa sig. Ákærða hafi hins vegar ríghaldið í B. Að endingu hafi ákærða sleppt takinu. B hafi ætlað að fara út úr íbúðinni en ákærða hafi náð aftur taki og haldið í hár B. Hún myndi ekki eftir því hvort ákærða hefði slegið sig. B kvaðst muna eftir því að hafa sagt lögreglu að ákærða hafi bitið sig í putta. Hún myndi þó ekki eftir því atviki í dag. A hafi aftur tekið ákærðu af B. Hann hafi síðan sýnt B tungubrodd sem ákærða hafi bitið úr honum. Í kjölfarið hafi B hringt á lögregluna. Hún hafi farið fram og mætt lögreglu. Hún kvaðst hafa fengið ýmsa áverka við árás ákærðu, m.a. verið með klórför í andliti og marbletti. Þá hafi hún verið með blóðugan fingur. Hún hafi verið marin á hnjam og leitað á slysadeild.

Eftir atvikið hafi hún í tvígang leitað til sálfræðings. Afleiðingar árárarinnar hafi ekki verið auðveldar; hún hafi átt erfitt með svefn og fengið martraðir. Hún hafi verið hrædd og ekki liðið vel. Hún kvaðst hafa greint lögreglu frá því að A hafi boðið upp á áfengan drykk. Hafi verið um að ræða drykk með áfengi, en A hafi ekkert kókaín sett út í hann.

C gaf símaskýrslu hjá lögreglu undir rannsókn málsins, en hann var þá staðsettur í Bandaríkjunum. Lýsti hann því að hann hefði verið á ferðalagi einn um Ísland. Hann hafi hitt ákærðu og eiginmann hennar, A, á bar í miðbæ Reykjavíkur. Hann hafi orðið vinur ákærðu á Instagram. Seinna hafi hann sent henni skilaboð og spurt hvort eitthvað væri að gerast í vikunni. Hún hafi svarað því að hún væri að fara á bar til að hlusta á lifandi tónlist. Ætti C að hitta þau þar. Þetta kvöld hafi C farið í bæinn þar sem hann hafi hitt ákærðu, A og stúlku að nafni B. Þau hafi farið á skemmtistað og drukkið nokkra bjóra. Þau hafi farið þaðan á annan stað og drukkið þar meira. Síðan hafi ákærða og A boðið þeim heim til sín. Er þangað kom hafi A og B farið að kyssast. Þá hafi ákærða kysst C. A hafi þá orðið mjög reiður og C beðist afsökunar og sagt að þetta skyldi hann ekki gera aftur. Hafi A virst róast. Síðan hafi A aftur kysst B og allt orðið kynferðislegt. Þá hafi ákærða orðið reið og farið að öskra. C hafi farið í skóna sína þar sem hann hafi ætlað að fara. Ákærða hafi sagt að hún ætlaði líka að fara og hafi hún reynt að fara út úr íbúðinni. Er C hafi verið kominn út fyrir íbúðina og verið á leið niður stiga hafi hann séð A grípa í ákærðu um leið og hann hafi hrint C niður stigann með því að ýta á bakið á honum. Hafi C dottið og meitt sig mikið. A hafi hlaupið niður stigann og virst ætla að ráðast á C. Ákærða hafi náð að stoppa hann og beðið hann um að meiða hann ekki. Hafi þau farið að rífast en C staðið á fætur og farið út. Hafi C brotið rifbein við að detta í stiganum.

Vitni þetta kom ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins. Hafði ákærvald samband við vitnið sem býr í [...]. Kvaðst vitnið ekki reiðubúið til að koma til Íslands til að bera vitni í málinu.

Móðir ákærðu staðfesti að hafa átt í samskiptum við A á samskiptamiðlum þar sem m.a. hafi verið rætt að ákærði hefði sett fíkniefnið LSD út í drykk ákærðu.

Fyrir dóminn komu lögreglumenn er unnu að rannsókn málsins. Þá kom fyrir dóminn yfirlæknir á myndgreiningardeild Landspítala háskólasjúkrahúss sem staðfesti áverkavottorð sitt frá 8. janúar 2018 vegna brotaþolans B. Heimilislæknir er gaf út vottorð, 13. nóvember 2017, vegna brotaþolans B, staðfesti sitt vottorð. Lýsti læknirinn því m.a. að áverkinn hafi ekki litið eins út og um rifbrot væri að ræða. Háls-, nef- og eyrnalæknir er gaf út vottorð vegna brotaþolans A, 4. desember 2017, staðfesti sitt vottorð. Lýsti læknirinn því að mikinn bitkraft þyrfti til að tunga færi í sundur eins og í tilviki A. Algengur áverki væri að tunga færi aðeins í sundur. Hafi læknirinn aldrei séð það áður að tunga færi alveg í sundur. A myndi aldrei fá fulla hreyfigetu í tunguna. Fyrir dóminn kom sérfræðilæknir er gaf út læknisvottorð vegna brotaþolans B, 22. desember 2017, og vegna ákærðu sama dag. Eins kom fyrir dóminn kandídat af heilsugæslustöð sem gaf út áverkavottorð vegna ákærðu, 23. janúar 2018. Loks staðfesti sálfræðingur vottorð sitt frá 9. febrúar 2018 vegna brotaþolans B.

Niðurstaða:

Ákærðu eru gefnar að sök tvær líkamsárásir, frá því aðfaranótt miðvikudagsins 1. nóvember 2017, í íbúð að [...] í Reykjavík. Annars vegar er ákærðu gefið að sök að hafa klórað brotaþolann A í andlitið, slegið hann og bitið í tungu hans þannig að tungan fór í sundur. A er eiginmaður ákærðu. Hins vegar er ákærðu gefið að sök að hafa veist að brotaþolanum B, m.a. tekið í hár hennar og haldið í það meðan hún hristi og ýtti henni til og frá, klórað í andlit hennar og bitið og klórað í fingur hennar.

Ákærða neitar sök. Hefur hún lýst því að eiginmaður hennar og brotaþolinn B hafi veist að henni með líkamlegu ofbeldi umrætt sinn. Hafi hún gripið til neyðarvarnar gagnvart árásinni. Framburð hennar fyrir dómnum verður að skilja á þann veg að hún í raun viðurkenni að hafa bitið hluta tungunnar úr ákærða, en hún kveðst hafa verið í sjokki og ekki áttuð á því sem var að gerast.

Vitnið C kom ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins, en vitnið á heimili í [...]. Kvaðst vitnið ekki reiðubúið að koma til landsins vegna málsins. Með vísan til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 verður stuðst við skýrslu þessa vitnis hjá lögreglu. Vitni þetta varð ekki vitni að árásinni sjálfri þar sem það var farið á brott af heimilinu á þeim tíma.

Eiginmaður ákærðu lýsir atburðarásinni þannig að ákærða hafi orðið mjög æst er hinum gestkomandi C hafi verið vísað út úr íbúðinni að [...]. Miðað við framburð ákærðu, brotaþolanna beggja og vitnisins C virðist sem C og ákærða hafi rætt saman í íbúðinni og brotaþolarnir rætt sín á milli. Ekki er ástæða til að reifa hér í niðurstöðu það sem fram kom um ásakanir sem gengu á víxl um samdrátt. Fram kom hjá brotaþolanum A að eftir að C var farinn hafi A reynt að róa ákærðu. Hafi hann kysst hana en ákærða kýlt A og klórað og bitið tunguna úr honum. A lýsti því jafnframt að ákærða hafi veist að brotaþolanum B og hafi hann þurft að taka ákærðu af brotaþolanum. Brotaþolinn B hefur borið á þann veg að hún hafi verið mjög ölvuð þessa nótt. Hún myndi þó eftir því að ákærða hafi ítrekað ráðist á hana. Hafi eiginmaður ákærðu þurft að losa ákærðu af henni. Myndi hún m.a. eftir því að vera með hárfloka í hendi úr höfði sínu eftir atlöguna. Brotaþolinn kvaðst fyrir dómi ekki muna eftir því þegar ákærða hafi bitið hana í fingur en kvaðst þó muna eftir því að hafa greint lögreglu frá því.

Svo sem áður er fram komið var fremsti hluti tungu brotaþolans A bitinn úr honum þessa nótt. Með hliðsjón af framburði brotaþolans, og með vísan til framburða ákærðu og brotaþolans B er slegið föstu að ákærða hafi valdið þeim áverka. Læknir er annaðist brotaþolann hefur lýst því að mikinn bitkraft þyrfti til svo tungan færi alveg í sundur. Hefði læknirinn aldrei orðið vitni að slíku áður. Óhætt er að miða við að brotaþolinn A hafi verið að reyna að kyssa ákærðu þegar þessi atvik áttu sér stað. Þá er til þess að líta að ákærðu er gefið að sök að hafa bitið í fingur brotaþolans B. Myndir af þeim áverka eru á meðal gagna málsins. Þessir tveir áverkar, sem hér hefur verið lýst styðja, að mati dómsins, þann framburð brotaþolanna beggja að ákærða hafi verið mjög æst þegar þar var komið og í því ástandi veist að brotaþolanum.

Brotapolarnir leituðu báðir á slysadeild í framhaldi af atvikinu. Þeir áverkar sem í ákæru eru tilfærðir voru sannreyndir við það tækifæri. Tekin var röntgenmynd af brotapolanum B á slysadeild. Sú myndataka leiddi ekki í ljós brot á rífi. Klínískt mat lækna liggur þessu hins vegar til grundvallar, sem einkum byggir á lýsingu brotapolans sjálfs. Er þar við mat föður brotapolans að ræða, sem er læknir og hefur gefið út vottorð í málinu. Með vísan til þess að ákærða neitar sök og með hliðsjón af nánnum tengslum læknisins og brotapolans verður ekki talið sannað að brotapolinn hafi hlotið rifbrot af árásinni.

Eins og fyrr greinir styðja áverkar þeir sem brotapolar hlutu framburði þeirra. Með hliðsjón af því er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi veist að brotapolunum með þeim hætti er í ákæru greinir. Brotapolinn A var eiginmaður ákærðu þegar brotið var framið, sbr. 1. mgr. 218. gr. b laga nr. 19/1940. Afleiðingar brotsins voru sérstaklega sársaukafullar, sbr. 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt þessu verður ákærða sakfelld samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða utan að atлага hennar gagnvart brotapolanum B verður felld undir 217. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða er fædd [...]. Hún hefur ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi svo kunnugt sé. Ákærða hefur verið sakfelld fyrir alvarlega líkamsárás gagnvart eiginmanni sínum. Af hlutust miklir áverkar og mun eiginmaður ákærðu glíma við afleiðingar árásarinnar um ókomna tíð. Þá veitist ákærða að brotapolanum B með þeim afleiðingum að B hlaut nokkra líkamlega áverka. Með hliðsjón af þessu, sbr. og 3. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, er refsing ákærðu ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Með hliðsjón af alvarleika háttseminnar verður refsingin að hluta skilorðsbundin, sem í dómsorði greinir.

Brotapolinn A krefst þess að ákærða greiði honum miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, auk vaxta. Ákærða hefur með ólögmati og saknæmri háttsemi sinni valdið brotapolanum miskatjóni. Er miski brotapola töluverður, en hann mun búa við töluvert líkamslýti um ókomna tíð. Eru miskabætur hæfilega ákveðnar 1.200.000 krónur. Gerð er krafa um 162.956 krónur í útlagðan kostnað og 52.589 krónur í þjáningabætur. Þó svo fyrirvari hafi verið í ákæru um bætur vegna útlagðs kostnaðar og þjáningabóta lá krafan ekki fyrir við útgáfu ákærunnar. Verður þeim kröfandi ekki komið að eftir útgáfu ákæru, gegn mótmælum ákærðu, en ákærða hefur mótmælt skaðabótakröfunni. Verður þessum kröfandi því hafnað. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Af hálfu brotapolans B er gerð krafa um að ákærða greiði henni 1.000.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum. Ákærða hefur með ólögmati háttsemi sinni valdið brotapolanum miskatjóni. Eru bætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur. Þá er í ákæru gerð krafa um sjúkra- og lyfjakostnað að fjárhæð 10.500 krónur. Við meðferð málsins, eftir útgáfu ákæru, var sú krafa hækkuð í 55.500 krónur. Gegn mótmælum ákærðu kemst sú krafa ekki að. Hins vegar verður fallist á kröfu um sjúkra- og lyfjakostnað að fjárhæð 10.500 krónur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir.

Ákærða greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanna brotapola, sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærða, X, sæti fangelsi í 12 mánuði. Fresta skal fullnustu 9 mánaða refsingarinnar og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði A 1.200.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2017 til 18. febrúar 2018, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði B 410.500 krónur í skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 400.000 krónum, frá 1. nóvember 2017 til 10. nóvember 2017, en af 410.500 krónum frá þeim degi til 18. febrúar 2018, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna af fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði 4.223.240 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lilju Margrétar Olsens lögmanns, 2.613.610 krónur, þóknun réttargæslumanns brotapolans A, Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 847.540 krónur og þóknun réttargæslumanns brotapolans B, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 643.560 krónur.